

**Sp.**

## **412. Nefndarálit**

um till. til þál. um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn vill afgreiða tillöguna með rökstuddri dagskrá, en við, sem erum í minni hlutanum, leggjum til, að tillagan verði samþykkt með lítilli breytingu.

Við teljum brýna nauðsyn bera til þess, að nú fari fram sú athugun á afkomu sjávarútvegsins, sem tillagan gerir ráð fyrir, og sérstaklega með tilliti til þess fyrirhyggjuleysis, sem ríkt hefur í landinu og hefur nú þegar haft þær afleiðingar, að ekki má tæpara standa um afkomu sjávarútvegsins. Það er almenn skoðun, að ef bændur landsins hefðu ekki nú sýnt þann þegnskap að bjóðast til þess að falla frá þeirri verðhækkun á landbúnaðarvörum, er þeim bar eftir álit sex manna nefndarinnar, þá hefði útgerðin stöðvazt strax á eftir, vegna aukins kostnaðar vegna hækkaðrar framfærsluvísitölu. Þrátt fyrir þetta er enn haldið áfram tilraunum til þess að hækka kaupgjald í landinu og þar með framleiðslukostnaðinn.

Það er því áriðandi, að nú sé gerð hlutlaus athugun á því, hversu ástatt er um aðalútflutningsatvinnuveg þjóðarinnar. Meiri hl. n. vill vísa till. til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins og telur, að frá henni fáiast þær upplýsingar, er till. greinir. Minni hl. n. álitur, að reikningaskrifstofa sjávarútvegsins eigi að geta lagt til þýðingarmikil gögn, líkt og búreikningaskrifstofa ríkisins lagði til til afnota fyrir sex manna nefndina á sínum tíma, en telur jafnframt, að þetta verk sé svo vandasamt, að þar þurfi að kveða fleiri til, til þess að niðurstöðurnar verði ekki rengdar.

Þótt nefnd sú, er kosin verður eftir tillögunni, fái að sjálfsgöðu mikilsverðar upplýsingar frá reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, þarf hún án efa að víða að sér efni víðar að og kemst því ekki af án þess að hafa fé til umráða. Fyrir því leggur minni hl. til, að till. verði samþykkt með svolátandi

### **BREYTINGU.**

Aftan við tillgr. bætist:

Kostnað af störfum nefndarinnar skal greiða úr ríkissjóði.

Alþingi, 8. okt. 1944.

Páll Zóphóniasson,  
frsm.

Sigurður Þórðarson.